


# Fjallabyggð



## Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2012

### 1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjallabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Fjallabyggð sem búa í eigin íbúð og:

- eru 67 ára á árinu eða eldri, eða
- hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

### 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði sem nefnd eru í 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

### 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er tekjutengdur og er allt að kr. 46.200,-. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2010. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

### 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segi

Flokkur -	Einstaklingar	Afsláttur
1.	0-	1.628.000 - 46.200
2.	1.628.001 – 1.736.000	- 41.580
3.	1.736.001 – 1.844.000	- 36.960
4.	1.844.001 – 1.952.000	- 32.340
5.	1.952.001 – 2.061.000	- 27.720
6.	2.061.001 – 2.169.000	- 23.100
7.	2.169.001 – 2.277.000	- 18.480
8.	2.277.001 – 2.387.000	- 13.860
9.	2.387.001 – 2.495.000	- 9.240
10.	2.495.001 – 2.603.000	- 4.620
11.	2.603.001 –	0

Flokkur -	Hjón/Sambýlisfólk	Afsláttur
1.	0-	2.440.000 - 46.200
2.	2.440.001 – 2.603.000	- 41.580
3.	2.603.001 – 2.766.000	- 36.960
4.	2.766.001 – 2.928.000	- 32.340
5.	2.928.001 – 3.091.000	- 27.720
6.	3.091.001 – 3.254.000	- 23.100
7.	3.254.001 – 3.417.000	- 18.480
8.	3.417.001 – 3.579.000	- 13.860
9.	3.579.001 – 3.742.000	- 9.240
10.	3.742.001 – 3.905.000	- 4.620
11.	3.905.001 –	0

### 6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. og 4 gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- þegar máki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- ef um skyndilega örorku er að ræða, sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

Reglur Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.